

# LÖG VFÍ 2017 (*Breytingartillögur lagðar fyrir aukaaðalfund 25. janúar 2018*).

## 1. gr. Nafn félagsins og tilgangur

Félagið heitir Verkfræðingafélag Íslands, félag verkfræðinga og tæknifræðinga, skammstafað VFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. gr. Markmið félagsins

Markmið félagsins er að:

1. Vera öflugur málsvari félagsmanna, fylgjast með og taka þátt í umræðu um verkfræðileg málefni.
2. Gæta hagsmuna og réttinda félagsmanna og stuðla að gæðum í kjörum og starfsumhverfi.
3. Standa vörð um starfsheitin og gæði tæknifræði- og verkfræðimenntunar.
4. Stuðla að tæknipróun með samfélagslega ábyrgð svo og hagsmuni almennings og umhverfis að leiðarljósi.
5. Vera vettvangur samskipta félagsmanna inn á við og talsmaður þeirra út á við.

## 3. gr. Leiðir að markmiðum

Félagið vinnur að markmiðum sínum með því að:

1. Efla ímynd félags og stéttar í samfélaginu meðal annars með virkri þátttöku í þjóðfélagsumræðu.
2. Vera lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör þeirra félagsmanna sem tilheyra Kjaradeild félagsins.
3. Halda góðum tengslum við menntastofnanir og stuðla að endur- og símenntun félagsmanna.
4. Veita einstaklingsbundna þjónustu og starfrækja upplýsingaveitu um kjaramál í víðum skilningi.
5. Halda uppi öflugu félagsstarfi og eiga gott samstarf við opinbera aðila og önnur hagsmuna- og fagfélög.
6. Vera bakhjalr félagsmanna sem mórandi afl í þróun samfélagsins á sviði tækni, vísinda og atvinnuuppbyggингar.
7. Hafa jafnrétti að leiðarljósi í starfi sínu og ávallt gæta þess að skipan nefnda og stjórna félagsins endurspegli samsetningu félagsmanna hvað varðar kyn og menntun.

## 4. gr. Skilyrði um félagsaðild

Almennir félagar geta orðið:

1. Þeir sem lokið hafa viðurkenndri prófgráðu í verkfræði eða tæknifræði, svo og þeir sem lokið hafa viðurkenndri prófgráðu í þeim vísindagreinum sem verkfræðin og tæknifræðin byggjast á, s.s. eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði.
2. Stjórn félagsins getur boðið fræðimönnum í raunvísindum og framkvæmdamönnum að gerast almennir félagar, enda mæli sérstakar ástæður með því.

- Verkfræðinemar, tæknifræðinemar og nemar í vísindagrein sem verkfræðin byggist á geta orðið ungfélagar. Ungfélagar hafa takmörkuð réttindi og skyldur meðan þeir stunda námið.

#### **4. gr. Skilyrði félagsaðildar**

Félagar í VFÍ geta orðið:

- Almennir félagar geta þeir orðið sem hafa lokið viðurkenndri prófgráðu í verkfræði eða tæknifræði, svo og þeir sem lokið hafa viðurkenndri prófgráðu í þeim **fræðum** sem verkfræðin og tæknifræðin byggjast á, s.s. eðlisfræði, efnafraði og stærðfræði. **Allir félagar í VFÍ teljast almennir félagar fyrir utan ungfélaga.**
- Stjórn félagsins getur boðið fræðimönnum í raunvísindum og framkvæmdamönnum að gerast almennir félagar, enda mæli sérstakar ástæður með því.
- Verkfræðinemar, tæknifræðinemar og nemar í vísindagrein sem verkfræðin byggist á geta orðið ungfélagar. Ungfélagar hafa takmörkuð réttindi og skyldur meðan þeir stunda námið.

#### **5. gr. Heiðursfélagar**

Stjórn félagsins getur kosið sem heiðursfélaga sérhvern þann einstakling er leyst hefur af hendi mikilsverð störf á sviði verkfræði, tæknifræði eða vísinda. Til kjörs heiðursfélaga þarf samhljóða atkvæði allra stjórnarmanna. Stjórn félagsins getur veitt heiðursmerki í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf á sviði verkfræði, tæknifræði eða í þágu félagsins.

#### **5. gr. Heiðursfélagar**

Stjórn félagsins getur, **að tillögu merkisnefndar sem starfar hjá félagini**, kosið sem heiðursfélaga sérhvern þann einstakling er leyst hefur af hendi mikilsverð störf á sviði verkfræði, tæknifræði eða vísinda. Til kjörs heiðursfélaga þarf samhljóða atkvæði allra stjórnarmanna. Stjórn félagsins getur að tillögu merkisnefndar, veitt heiðursmerki í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf á sviði verkfræði, tæknifræði eða í þágu félagsins.

#### **6. gr. Innganga**

Beiðni um inngöngu í félagið skal send stjórn félagsins. Í inngöngubeiðni skal tekið fram hvort umsækjandi óski eftir aðild að Kjaradeild félagsins. Menntamálaneftnd fær til umsagnar allar umsóknir um inngöngu í félagið og metur þær samkvæmt þeim reglum sem stjórnin hefur samþykkt um meðferð umsókna, þar sem m.a. skal kveðið á um lágmarksþrófur sem gera skal til menntunar nýrra félagsmanna. Ef umsögn Menntamálaneftndar er jákvæð ber stjórninni að veita umsækjanda aðild að félagini. Ef umsögn er neikvæð getur stjórnin ekki veitt viðkomandi aðild að félagini, nema í undantekningartilvikum, t.d. ef viðkomandi getur ekki aflað tilskilinna gagna vegna styrjalda eða af stjórnmalalegum ástæðum. Í slíkum tilvikum þarf stjórnin að samþykka inngöngu samhljóða.

#### **7. gr. Úrsögn**

Úrsögn úr félagini skal send félagsstjórn. Úrsögn fær gildi 4 mánuðum eftir að hún berst félagini. Eigi Kjaradeild félagsins í kjaradeilum á þeim tíma sem úrsögn er að öðlast gildi, getur stjórn félagsins framlengt úrsagnarfrest þess félagsmanns sem tilheyrir Kjaradeild uns deilu lýkur.

## *7. gr. Úrsögn*

Úrsögn úr féluginu skal vera skrifleg og send félagsstjórn. Úrsögn **tekur** gildi 4 mánuðum eftir að hún berst féluginu. Eigi Kjaradeild félagsins í kjaradeilum getur stjórn félagsins framlengt úrsagnarfrest þennan uns deilu lýkur tilheyri félagsmaður Kjaradeild.

## *8. gr. Réttindi og skyldur*

Félagsmönnum er skylt að fara eftir lögum félagsins, siðareglum og öðrum samþykktum þess.

Almennir félagar hafa rétt til að kenna sig við félagið og nota skammstöfun félagsins með nafni sínu. Almennir félagar og heiðursfélagar hafa rétt til að vera félagar í einni eða fleiri deildum félagsins með þeim takmörkunum sem reglur þeirra segja til um, sjá 12., 13. gr. og 14. gr. Atkvæðisrétt um öll félagsleg mál afni hafa almennir félagar, enda séu þeir skuldausir við félagið, svo og heiðursfélagar. Almennir félagar eru kjörgengir til stjórnarkjörs í féluginu. Ungfélögum er heimil þátttaka í viðburðum á vegum félagsins. Að jafnaði hafa þeir ekki önnur réttindi í féluginu.

## *8. gr. Réttindi og skyldur*

**(Ekki efnislegar breytingar á 8. grein. Uppsetningu breytt).**

Atkvæðisrétt um öll félagsleg mál afni eiga almennir félagar, enda séu þeir skuldausir við félagið, svo og heiðursfélagar, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

Almennir félagar eru kjörgengir til stjórnarkjörs í féluginu enda uppfylli þeir einnig skilyrði 11. gr. Almennir félagar eiga rétt á að kenna sig við félagið og nota skammstöfun félagsins með nafni sínu.

Allir félagsmenn eiga rétt á aðild að einni eða fleiri deildum félagsins með þeim takmörkunum sem reglur þeirra segja til um, sjá 12., 13. gr. og 14. gr.

Ungfélögum er heimil þátttaka í viðburðum á vegum félagsins en að jafnaði skulu þeir ekki njóta annarra réttinda í féluginu.

Félagsmönnum er skylt að fara eftir lögum félagsins, siðareglum og öðrum samþykktum þess **við störf sín**. Félagsmenn skulu jafnframt greiða félagsgjald eins og það er ákveðið hverju sinni á aðalfundi.

## *9. gr. Málskot*

Ágreiningi, sem rísa kann á milli einstakra félagsmanna annars vegar og félagsstjórnar hins vegar um rétt eða skyldur félagsmanna, má vísa til félagsfundar og er úrskurður hans endanlegur. Komi félagsmaður fram á þann hátt að ekki samræmist tilgangi félagsins, hag eða heiðri getur stjórn lagt til að honum verði vikið úr féluginu. Endanlega ákvörðun um brottrekstur tekur félagsfundur og þarf 2/3 atkvæða á félagsfundi þar sem slíkt mál er til meðferðar samkvæmt fundarboði.

## *9. gr. Málskot og brottvikning*

Ágreiningi, sem rísa kann á milli einstakra félagsmanna annars vegar og félagsstjórnar hins vegar um rétt eða skyldur félagsmanna **gagnvart féluginu**, má vísa til félagsfundar og er **niðurstaða** hans endanleg.

Komi félagsmaður fram á þann hátt að ekki samræmist tilgangi félagsins, hag eða heiðri getur stjórn lagt til að honum verði vikið úr féluginu. Endanlega ákvörðun um brottrekstur tekur

félagsfundur og þarf 2/3 atkvæða á félagsfundi þar sem slíkt mál er til meðferðar samkvæmt fundarboði.

**Áður en til atkvæðagreiðslu kemur skal félagsmanni gefinn kostur á að koma á framfæri skriflegum sjónarmiðum við stjórn félagsins. Brottvikningu er eingöngu beitt ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð.**

## **10. gr. Skipulag**

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Starfsemi félagsins milli aðalfunda er í höndum stjórnar undir forstu formanns. Félagsmenn tilheyra annað hvort Kjaradeild sbr. gr. 12 eða Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi sbr. gr. 13. Aðrar deildir og fastanefndir starfa innan félagsins að sérstökum málefnum.

## **10. gr. Skipulag**

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Starfsemi félagsins milli aðalfunda er í höndum stjórnar undir forstu formanns.

**Almennir félagsmenn, sbr. 4. grein, tilheyra annað hvort Kjaradeild sbr. 12 gr. eða Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi sbr. 13. gr. Aðrar deildir og fastanefndir starfa innan félagsins að sérstökum málefnum.**

## **11. gr. Stjórn**

Í stjórn sitja:

1. Formaður kosinn til tveggja ára annað hvert ár.
2. Fjórir meðstjórnendur kosnir til tveggja ára annað hvert ár, tveir kosnir hvort árið um sig.
3. Tveir varamenn kosnir til tveggja ára annað hvert ár.

Endurkjör formanns er heimilt einu sinni. Samfelld stjórnarseta getur mest verið 6 ár. Kosning fer fram með bréflegum eða rafrænum hætti í aðdraganda aðalfundar. Úrslit kosninga eru kynnt á aðalfundi. Formaður er kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin setur sér starfsreglur. Auk kosinna stjórnarmanna og framkvæmdastjóra sitja fundi stjórnar, með málfrelsi og tillögurétti, formenn Kjaradeildar og Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi.

Stjórnin heldur fundi þegar formaður ákveður eða einhver stjórnarmanna óskar. Formaður stýrir fundum.

**Ákvæði til bráðabirgða:** Á stofnfundi, haustið 2016, verður sérafbrigði þar sem kosinn verður formaður til tveggja ára (eða til aðalfundar 2019), óháð aðildarfélagi, ásamt premur meðstjórnendum kosnum til tveggja ára (til aðalfundar 2019), einum frá TFÍ og tveimur frá VFÍ og premur meðstjórnendum kosnum til eins árs (til aðalfundar 2018), einum frá TFÍ og tveimur frá VFÍ. Þrír varamenn verða kosnir til tveggja ára (til aðalfundar 2019), einn frá TFÍ og tveir frá VFÍ.

Fyrsta stjórn hins nýja félags tekur við undirbúningi að stofnun hins nýja félags á stofnfundi og tekur síðan formlega til starfa um leið og félagið eða hinn 1. janúar 2017.

## **11. gr. Stjórn**

**(Skept er ábyrgð, sérstaklega gagnvart sjóðum, og starfsháttum stjórnar einnig verða formenn Kjaradeildar og Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi fullgildir stjórnarmenn. Endurkjör formanns verður nú heimilt tvisvar, var einu sinni).**

Stjórn stýrir málefnum félagsins milli félags- og aðalfunda. Stjórnin sér til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi og í samræmi við lög félagsins. Stjórn skal jafnframt annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sem eru á ábyrgð félagsins. Stjórn tekur allar meiriháttar ákvarðanir sem snúa að fjármálum félagsins. Stjórn fylgist með störfum deilda sem eru eða kunna að verða starfræktar. Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins, sbr. 24. gr.

Í stjórn sitja:

1. Formaður kosinn á aðalfundi til tveggja ára í senn.
2. Tveir meðstjórnendur, sem eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára, sinn meðstjórnarmaðurinn annað hvert ár.
3. **Tveir meðstjórnendur, formaður Kjaradeildar og formaður Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi hverju sinni. Við forföll er þeim heimilt að kalla til varaformenn sína.**
4. Tveir varamenn, kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, sinn varamaðurinn annað hvert ár.

Endurkjör formanns er heimilt **tvísvar**. Samfelld stjórnarseta meðstjórnenda og varamanna getur mest verið 6 ár. Kosning stjórnarmanna fer fram með bréflegum eða rafrænum hætti í aðdraganda aðalfundar. Aðeins félagsmenn viðkomandi deilda njóta kosningaráettar að því er varðar meðstjórnendur skv. 3. tl., sbr. 12. og 13. gr. Formaður er kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnin setur sér starfsreglur í samræmi við lög þessi og skulu þær vera aðgengilegar félagsmönnum.

Stjórnin heldur fundi þegar formaður ákveður eða einhver stjórnarmanna óskar. Formaður stýrir fundum.

Stjórnarmenn skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki hafa á sl. 5 árum hlotið refsídóm. Missi stjórnarmaður hæfi sitt tekur varamaður tafarlaust sæti hans. Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur þar verulegra hagsmunu að gæta sem farið geta í bága við hagsmuni félagsins.

*(Ákvæði til bráðabirgða, sbr. eldri 11. grein helst inni fram yfir aðalfund 2018)*

## **12. gr. Kjaradeild**

Kjaradeild er deild launþega innan VFÍ. Þeir félagsmenn einir, sem eru launþegar á grundvelli laga nr. 80/1938 ásamt síðari breytingum um stéttarfélög og vinnudeilur eða laga nr. 94/1986 ásamt síðari breytingum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, geta átt aðild að Kjaradeild. Aðeins þeir sem tilheyra deildinni eru kjörgengir og hafa atkvæðisrétt í kosningu til stjórnar deildarinnar.

Stjórn Kjaradeilda er skipuð fimm félagsmönnum, sem kosnir eru í almennri bréflegri eða rafrænni kosningu fyrir aðalfund til tveggja ára í senn, þrír annað árið en tveir hitt árið.

Varamenn í stjórn Kjaradeilda eru tveir kosnir til tveggja ára, annar kosinn annað árið, hinn kosinn hitt árið. Formaður er kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum og setur sér starfsreglur. Samfelld seta í stjórn Kjaradeilda getur mest verið 6 ár.

Hlutverk stjórnar Kjaradeilda er að:

1. Annast gerð kjarasamninga og skipa samninganefndir eftir þörfum.
2. Setja reglur fyrir sjóði sem samið er um í kjarasamningum.
3. Skipa stjórnir fyrir sjóði sem samið er um í kjarasamningum.
4. Hafa umsjón með og sinna málefnum félagsmanna Kjaradeildar VFÍ.
5. Annast allsherjaratkvæðagreiðslur, sjá 22. gr.
6. Hafa samráð um ráðningu yfirmanns kjarasviðs, sjá 24. gr.

Kjaradeild hefur fullt sjálfstæði um málefni sem um er fjallað í 12. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða:** Í stjórn Kjaradeildar skal fyrst kosið á stofnundi haustið 2016 þannig að þrír aðalmenn skulu kosnir til tveggja ára (til aðalfundar 2019), tveir aðalmenn til eins árs (til aðalfundar 2018), einn varamaður til tveggja ára (til aðalfundar 2019) og tveir varamenn til eins árs (til aðalfundar 2018). Við fyrstu kosningu í stjórn Kjaradeildar skal þess gætt að stjórnin sé bæði skipuð fulltrúum frá verkfræðingum og tæknifræðingum.

## 12. gr. Kjaradeild

Kjaradeild er deild launþega innan VFÍ. Þeir félagsmenn einir, sem eru launþegar á grundvelli laga nr. 80/1938 ásamt síðari breytingum um stéttarfélög og vinnudeilur eða laga nr. 94/1986 ásamt síðari breytingum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, geta átt aðild að Kjaradeild. Aðeins þeir sem tilheyra deildinni eru kjörgengir og hafa atkvæðisrétt í kosningu til stjórnar deildarinnar.

Stjórn Kjaradeildar er skipuð fimm félagsmönnum, sem kosnir eru í almennri bréflegri eða rafrænni kosningu fyrir aðalfund til tveggja ára í senn, þrír annað árið en tveir hitt árið. Varamenn í stjórn Kjaradeildar eru tveir kosnir til tveggja ára í senn, annar kosinn annað árið, hinn kosinn hitt árið. Formaður er kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum og setur sér starfsreglur sem stjórn VFÍ staðfestir. **Formaður stjórnar Kjaradeildar skal sitja í stjórn VFÍ, sbr. 3. tl. 11. gr. Stjórn Kjaradeildar skal a.m.k. tvívar á ári, halda stjórn VFÍ upplýstri um þau málefni deildarinnar sem máli kunna að skipta fyrir félagið, þ.m.t. um úthlutunarreglur, ávoxtunarleiðir og uppgjör sjóða.** Samfelld seta í stjórn Kjaradeildar getur mest verið 6 ár. **Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 11. gr.**

Hlutverk stjórnar Kjaradeildar er að:

1. Annast gerð kjarasamninga og skipa samninganefndir eftir þörfum.
2. Setja reglur fyrir sjóði sem samið er um í kjarasamningum.
3. Skipa stjórnir fyrir sjóði sem samið er um í kjarasamningum.
4. Hafa umsjón með og sinna málefnum félagsmanna Kjaradeildar VFÍ.
5. **Halda stjórn VFÍ upplýstri um fjárhagsstöðu þeirra sjóða sem henni tilheyra.**
6. Annast allsherjaratkvæðagreiðslur, sjá 22. gr.
7. Hafa samráð um ráðningu yfirmanns kjarasviðs, sjá 24. gr.

Að því leyti sem ekki er mælt á annan veg í lögum þessum hefur Kjaradeild sjálfstæði um þau málefni sem um er fjallað í 12. gr.

(Ákvæði til bráðabirgða, sbr. eldri 12. grein helst inni fram yfir aðalfund 2018)

### **13. gr. Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi**

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi hefur umsjón með og sinnir málefnum stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ, svo og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar. Aðeins þeir sem tilheyra deildinni eru kjörgengir og hafa atkvæðisrétt í kosningu til stjórnar deildarinnar.

Stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi er skipuð þremur félagsmönnum, sem kosnir eru í almennri bréflegri eða rafrænni kosningu fyrir aðalfund til tveggja ára í senn, tveir annað árið en einn hitt árið. Einn varamann skal kjósa í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi til eins árs. Formaður er kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum og setur sér starfsreglur. Samfelld seta í stjórn deildarinnar getur mest verið 6 ár.

**Ákvæði til bráðabirgða:** *Í Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi skal fyrst kosið á stofnundi haustið 2016 þannig að tveir aðalmann skulu kosnir til tveggja ára (til aðalfundar 2019), einn aðalmaður til eins árs (til aðalfundar 2018), einn varamaður til eins árs (til aðalfundar 2018). Við fyrstu kosningu í stjórn deildarinnar skal þess gætt að hún sé bæði skipuð fulltrúum frá verkfræðingum og tæknifræðingum.*

### **13. gr. Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi**

Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi hefur umsjón með og sinnir málefnum stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ, svo og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar.

Meginverkefni deildarinnar er að stuðla að virkri samfélagsumræðu um málefni á áhugasviði félagsmanna meðal annars með því að standa fyrir opnum fundum.

Aðeins þeir sem tilheyra deildinni eru kjörgengir og hafa atkvæðisrétt í kosningu til stjórnar deildarinnar.

Stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi er skipuð þremur félagsmönnum, sem kosnir eru í almennri bréflegri eða rafrænni kosningu fyrir aðalfund til tveggja ára í senn, tveir annað árið en einn hitt árið. Einn varamann skal kjósa í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi til eins árs. Formaður er kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum og setur sér starfsreglur **sem stjórn VFÍ staðfestir.** Formaður **stjórnar Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi skal sitja í stjórn VFÍ, sbr. 3. tl. 11. gr.** Samfelld seta í stjórn deildarinnar getur mest verið 6 ár. **Stjórnarmenn skulu uppfylla hæfisskilyrði 11. gr. Stjórn deildarinnar skal halda stjórn VFÍ upplýstri um fjárhagsstöðu deildarinnar og önnur málefni sem kunna að hafa þýðingu fyrir félagið.**

(Ákvæði til bráðabirgða, sbr. eldri 13. grein helst inni fram yfir aðalfund 2018)

### **14. gr. Aðrar deildir**

Innan vébanda félagsins geta starfað aðrar deildir, svo sem sérgreinadeildir og landshlutadeildir. Sérgreinadeildir félagsmanna fjalla um málefni hinna ýmsu verkfræðigreina.

Landshlutadeildir eru samtök félagsmanna, búsettra í einstökum landshlutum. Sérgreindadeildir, landshlutadeildir og aðrar deildir skv. þessari grein mega ekki koma fram opinberlega í nafni félagsins nema með samþykki stjórnar. Stofnun þessara deilda þarf samþykki stjórnar. Fyrir lok hvers starfsárs skulu þessar deildir gefa stjórn skýrslu um starfsemi ásamt áætlunum um verkefni og fjárbörf þeirra fyrir næsta starfsár.

## **15. gr. Fastanefndir**

Fastanefndir félagsins eru: Siðanefnd, Menntamálanefnd og Útgáfunefnd.

Fastanefndir skulu skipaðar af stjórn til tveggja ára í senn og skal leitast við að þær endurspegli vilja og hugmyndir félagsmanna. Fastanefndir skulu standa stjórn skil á starfsemi sinni. Fyrir lok hvers starfsárs skulu fastanefndir gefa stjórn skýrslu um starfsemi ásamt áætlunum um verkefni og fjárbörf nefndanna fyrir næsta starfsár.

## **16. gr. Siðanefnd**

Siðanefnd skal starfa í félagini. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og oftar ef tilefni er til. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig áliti nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrír fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ two fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.

## **17. gr. Menntamálanefnd**

Menntamálanefnd skal standa vörð um menntun verkfræðinga og tæknifræðinga og fylgjast með því námi sem í boði er hér á landi á því sviði. Menntamálanefnd skal vera stjórn félagsins til ráðuneytis um menntamál. Hún skal hafa frumkvæði að því hvernig félagið getur beitt áhrifum sínum gagnvart yfirvöldum menntamála í því skyni að ná markmiðum félagsins. Menntamálanefnd skal semja reglur um þær menntunarkröfur sem krafist er til inngöngu í félagið. Þessar reglur skulu hljóta staðfestingu stjórnar og skulu síðan gefnar út. Stjórn VFÍ skipar fulltrúa í Menntamálanefnd til tveggja ára í senn. Menntamálanefnd skal skipuð minnst þremur tæknifræðingum og fjórum verkfræðingum. Aðeins þeir sem hafa leyfi ráðherra til þess að kalla sig tæknifræðing eða verkfræðing eru gjaldgengir til setu í Menntamálanefnd. Menntamálanefnd metur allar umsóknir um inngöngu í félagið sbr. 6. gr.

## **18. gr. Útgáfunefnd**

Útgáfunefnd skal vera sviðsstjóra útgáfumála til fulltingis um útgáfu fréttablaðs félagsins svo og önnur verkefni á því sviði svo sem kynningarmál o.fl. Stjórn VFÍ skipar fulltrúa í Útgáfunefnd til tveggja ára í senn.

## **19. gr. Aðalfundur**

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Aðalfund og aukaaðalfund skal boða bréflega eða rafrænt til allra félagsmanna með minnst 14 daga fyrirvara. Dagskrá fundarins skal tilkynnt í fundarboði, svo og allar tillögur sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum. Slíkar tillögur frá félagsmönnum skulu hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar. Verði á aðalfundi verulegar efnisbreytingar á áður kynntum tillögum skal afgreiðslu þeirra frestað og boðað til aukaaðalfundar eða allsherjaratkvæðagreiðslu.

Stjórn tilkynnir félagsmönnum, eigi síðar en 1. febrúar, hverjir ganga úr stjórnum á næsta aðalfundi og auglýsir eftir tillögum félagsmanna um stjórnarmenn í aðalstjórn og stjórnir Kjaradeildar og Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi. Tillögur félagsmanna skulu vera skriflegar og hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar. Að þeim fresti útrunnum skal kynna

formannsefnum uppástungur sem borist hafa. Eigi síðar en með aðalfundarboði sendir stjórnin félagsmönnum kjörseðla með nöfnum allra þeirra, sem stungið hefur verið upp á.

Aðalfundur og aukaaðalfundur eru löglegir, sé löglega til þeirra boðað. Skýrsla stjórnar skal liggja frammi á aðalfundi.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál, í þessari röð:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári
2. Reikningsskil
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
4. Tillögur félagsstjórnar
5. Lýst kosningu stjórnar
6. Kjör endurskoðanda og skoðunarmanns
7. Lýst kosningu í stjórn Kjaradeildar félagsins
8. Lýst kosningu í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi
9. Laun formanns og stjórnarmanna
10. Lagabreytingar
11. Önnur mál

## 19. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Aðalfund og aukaaðalfund skal boða bréflega eða rafrænt til allra félagsmanna með minnst 14 daga fyrirvara. Dagskrá fundarins skal tilkynnt í fundarboði, svo og allar tillögur sem þurfa samþykki aðalfundar samkvæmt félagslögum. Slíkar tillögur frá félagsmönnum skulu hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar. Verði á aðalfundi verulegar efnisbreytingar á áður kynntum tillögum skal afgreiðslu þeirra frestað og boðað til aukaaðalfundar eða allsherjaratkvæðagreiðslu.

Stjórn tilkynnir félagsmönnum, eigi síðar en 1. febrúar, hverjir ganga úr stjórnnum á næsta aðalfundi og auglýsir eftir tillögum félagsmanna um stjórnarmenn í aðalstjórn og stjórnir Kjaradeildar og Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi. Tillögur félagsmanna skulu vera skriflegar og hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar. Að þeim fresti liðnum skal kynna formannsefnum uppástungur sem borist hafa. Eigi síðar en með aðalfundarboði sendir stjórnin félagsmönnum kjörseðla með nöfnum allra þeirra, sem stungið hefur verið upp á.

Aðalfundur og aukaaðalfundur eru löglegir, sé löglega til þeirra boðað. Skýrsla stjórnar skal liggja frammi á aðalfundi.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál, í þessari röð:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári
2. **Reikningar félagsins, þ.m.t. reikninga deilda og sjóða félagsins, fyrir undanfarandi starfsár lagðir fram til samþykkis**
3. Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda
4. Tillögur félagsstjórnar
5. Lýst kosningu stjórnar
6. Kjör endurskoðanda og skoðunarmanns
7. Lýst kosningu í stjórn Kjaradeildar félagsins
8. Lýst kosningu í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi
9. Laun formanns og stjórnarmanna

## **10. Laga-og reglugerðarbreytingar**

11. Önnur mál

## **20. gr. Aukaaðalfundur**

Aukaaðalfund skal kalla saman þegar stjórninni þykir ástæða til eða þegar 200 félagsmenn eða fleiri óska þess skriflega.

## **21. gr. Félagsfundir**

Félagsfundi skal boða þegar stjórn ákveður. Stjórnin ákveður fundarefnni og fundartíma. Stjórn er skyld að boða til félagsfundar komi fram skrifleg krafa um það, þar sem fundarefnni er tilgreint, frá a.m.k. 200 félagsmönnum. Félagsfundum stýrir kjörinn fundarstjóri. Hann tilnefnir ritara. Fundargerðir skal bóka.

## **22. gr. Allsherjaratkvæðagreiðsla**

Stjórn félagsins getur látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu þegar henni þykir ástæða til eða a.m.k. 200 félagsmenn óska þess skriflega. Með allsherjaratkvæðagreiðslu má taka ákvörðun um öll þau mál, sem aðalfundir einir geta annars tekið ákvörðun um. Til samþykktar tillögu við slíka atkvæðagreiðslu þarf meira en helming greiddra atkvæða, nema um lagabreytingar, en þar þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram bréflega eða með rafrænum hætti. Öllum félagsmönnum skal senda kjörgögn og þær tillögur, er greiða skal atkvæði um og tilkynna skilafrest á atkvæðaseðlum. Frestur þessi skal ekki vera skemmti en 2 vikur.

Atkvæðaseðlar skulu sendir í pósthólf eða á póstfang félagsins, og skal pósthólfsnúmer og tölvupóstfang fylgja kjörgögnum. Þegar skilafrestur er útrunninn, skal stjórnin láta telja atkvæðin. Stjórn félagsins skal birta úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu bréflega eða með rafrænum hætti.

Stjórn Kjaradeildar getur látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun ver�falls með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr., enda sé gætt ákvæða 15. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eða 15. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 eftir því sem við á. Einnig getur stjórn Kjaradeildar látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um afgreiðslu kjarasamninga, enda sé gætt ákvæða 5. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eða 23. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 eftir því sem við á. Við allsherjaratkvæðagreiðslu á vegum Kjaradeildar eru þeir einir atkvæðisbærir sem eiga beina aðild að viðkomandi deilu.

## **23. gr. Félagsgjöld**

Aðalfundur ákveður almennt félagsgjald fyrir næsta almanaksár.

Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl ár hvert. Heimilt er að greiða árgjald með jöfnum afborgunum að höfðu samráði við skrifstofu. Lendi félagsmaður í vanskilum með árgjald sitt er heimilt að láta hann bera innheimtukostnað auk vaxta.

Skuldi félagsmaður árgjöld tveggja ára getur stjórnin fellt nafn hans af félagaskrá að undan-genginni skriflegri viðvörun. Félagsmaður öðlast félagsréttindi sín á ný þegar árgjaldaskuldin er að fullu greidd.

Félagar búsettir erlendis greiða hálf félagsgjald. Ungfélagar, félagar sem eru í fullu námi og heiðursfélagar greiða ekki félagsgjöld. Félagar eldri en 70 ára og félagar 65 ára og eldri sem hættir eru störfum greiða 1/10 félagsgjalds. Stjórn getur tekið ákvörðun um eftirgjöf hluta félagsgjalds.

## **23. gr. Félagsgjöld**

Aðalfundur ákveður almennt félagsgjald fyrir næsta almanaksár.

Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl ár hvert. Heimilt er að greiða árgjald með jöfnum afborgunum að höfðu samráði við skrifstofu. Lendi félagsmaður í vanskilum með árgjald sitt er heimilt að láta hann bera innheimtukostnað auk vaxta.

Skuldi félagsmaður árgjöld tveggja ára getur stjórnin fellt nafn hans af félagaskrá að undan-genginni skriflegri viðvörun. Félagsmaður öðlast félagsréttindi sín á ný þegar árgjaldaskuldin er að fullu greidd.

**Félagar búsettir erlendis greiða ekki félagsgjald nema þeir hafi gestaaðild í systurfélagi VFÍ. Ungfélagar, félagar sem eru í fullu námi, heiðursfélagar og félagar eldri en 70 ára greiða ekki félagsgjöld.** Stjórn getur tekið ákvörðun um eftirgjöf hluta félagsgjalds.

## **24. gr. Skrifstofa**

Félagið rekur skrifstofu til þjónustu við félagsmenn. Stjórn VFÍ ræður framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri ræður sviðsstjóra Útgáfu- og markaðsmála og annað starfsfólk skrifstofunnar í samráði við stjórn VFÍ. Framkvæmdastjóri ræður sviðsstjóra Kjaramála í samráði við stjórn Kjaradeildar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofunnar gagnvart stjórn og fer jafnframt með yfirstjórn Fag- og fjármálasviðs. Sviðsstjórar fara með sín málefni samkvæmt nánari skilgreiningu í starfslýsingu. Fyrir lok hvers starfsárs skal framkvæmdastjóri afhenda stjórn VFÍ framkvæmda- og rekstraráætlun fyrir næsta starfsá. Áætlunin skal unnin í samvinnu við og að fengnum tillögum frá stjórnnum Kjaradeildar og Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi.

## **24. gr. Skrifstofa**

Félagið rekur skrifstofu til þjónustu við félagsmenn. **Stjórn félagsins ber ábyrgð á því að skipulag skrifstofunnar og skipting hennar í deildir eða svið endurspegli eðlilegar starfsskyldur skrifstofu gagnvart félagsmönnum og samfélagini eins og þær eru á hverjum tíma.**

**Stjórn VFÍ skal ráða framkvæmdastjóra og ber hann ábyrgð gagnvart stjórn á daglegum rekstri skrifstofunnar. Nánar skal kveðið á um störf framkvæmdastjóra í starfslýsingu samþykktri af stjórn félagsins.**

**Framkvæmdastjóri ber jafnframt ábyrgð á starfsmannahaldi skrifstofunnar en skal bera ráðningu og starfslýsingar stjórnenda deilda og sviða undir stjórn til samþykkis.**

Fyrir lok hvers starfsárs skal framkvæmdastjóri afhenda stjórn VFÍ framkvæmda- og rekstraráætlun fyrir næsta starfsá. Áætlunin skal unnin í samvinnu við og að fengnum tillögum frá stjórnnum Kjaradeildar og Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi.

## **25. gr. Reikningar og endurskoðun**

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningar félagsins skulu vera endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda og félagslegum skoðunarmanni. Skulu reikningar samþykktir á aðalfundi.

## **26. gr. Sjóðir**

Sjóðir sem samið er um í kjarasamningum skulu starfa samkvæmt reglugerðum sem samþykktar eru á aðalfundum. Í reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, tekjur hans, hvernig verja skuli fé sjóðsins, hvernig stjórn hans skuli háttáð og annað er sjóðinn

varðar. Stjórn Kjaradeildar ber ábyrgð á, hefur eftirlit með og sér um ávöxtun sjóðanna. Réttindi félagsmanna til greiðslna úr sjóðum eru háð því hvort félagsmenn greiða til viðkomandi sjóða eða ekki.

Aðrir sjóðir félagsins eru í vörlu stjórnar félagsins og skal hún sjá um að þeir séu ávaxtaðir á tryggan hátt.

## 26. gr. Sjóðir

Sjóðir sem samið er um í kjarasamningum skulu starfa samkvæmt reglugerðum (~~sem samþykktar eru á aðalfundum~~). Í reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, tekjur hans, hvernig verja skuli fé sjóðsins, hvernig stjórn hans skuli háttað og annað er sjóðinn varðar. **Reglugerðir sjóða og breytingar á þeim skulu bornar undir aðalfund VFÍ til samþykkis og fer um þær eins og lög félagsins, sbr. 28. gr.**

Stjórn Kjaradeildar ber ábyrgð á, hefur eftirlit með og sér um ávöxtun sjóðanna. Stjórn Kjaradeildar skal, a.m.k. tvisvar á ári, halda stjórn félagsins upplýstri um stöðu sjóðanna og önnur málefni þeirra sem kunna að hafa þýðingu fyrir félagið, þ.m.t. um úthlutunarreglur, ávöxtunarleiðir og uppgjör sjóða. Réttindi félagsmanna til greiðslna úr sjóðum eru háð því hvort félagsmenn greiða til viðkomandi sjóða eða ekki.

Aðrir sjóðir félagsins eru í vörlu stjórnar félagsins og skal hún sjá um að þeir séu ávaxtaðir á tryggan hátt.

Skrifstofa félagsins skal annast daglegan rekstur sjóðanna eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem viðkomandi sjóðsstjórn hefur gefið.

Eignir sjóða skulu ávaxtaðar samkvæmt fjárfestingarstefnu sem samþykkt er af stjórn þeirrar deildar sem viðkomandi sjóður tilheyrir. Heimilt er að ávaxta eignir sjóða með eftirfarandi hætti;

1. Með ávöxtun hjá bönum og sparisjóðum.
2. Með kaupum á ríkistryggðum verðbréfum eða skráðum skuldabréfum með sambærilegum tryggingum.
3. Með kaupum í fasteignum tengdum starfsemi sjóðsins.
4. Með öðrum þeim hætti sem stjórn viðkomandi sjóðs metur tryggan, að undangengu samþykki stjórnar þeirrar deildar sem sjóðurinn tilheyrir.

Stjórnir sjóða skulu ávallt gæta þess að viðkomandi sjóður geti staðið við skuldbindingar sínar og skulu á hverju ári leggja fyrir stjórn félagsins áætlanir um það efni, sem skulu ná til næstu fimm ára. Áætlanirnar skulu taka mið af stærð sjóðsins, úthlutunarreglum, fjárfestingarstefnu og mögulegum framtíðarskuldbindingum.

Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn hvers sjóðs fá óháðan tryggingafræðing til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og hvort sjóðurinn getur staðið við skuldbindingar sínar. Einnig er sjóðsstjórn skuldbundin til að leggja í slíkt mat við allar meiriháttar breytingar á reglugerð. Mat þetta skal lagt fyrir stjórn þeirra deildar sem sjóður tilheyrir.

## 27. gr. Gerðardómur

Félagið tekur að sér að skipa gerðardóm til þess að fella fullnaðarúrskurð um ágreining í tæknilegum málum. Reglur um skipun og störf slíks gerðardóms skulu vera í samræmi við lög um samningsbundna gerðardóma nr. 53/1989.

## *28. gr. Lagabreytingar*

Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi eða með allsherjaratkvæðagreiðslu. Tillögur um lagabreytingar, sem leggja á fyrir aðalfund skulu birtar í fundarboði. Til lagabreytinga sem bornar eru undir aðalfund þarf 2/3 greiddra atkvæða. Sama gildir í allsherjaratkvæða-greiðslu. Ef innan við 10% félagsmanna taka þátt í atkvæðagreiðslu á aðalfundi um grundvallar-breytingu á VFÍ, svo sem sameiningu við önnur félög, reglur um félagsaðild eða mikilvægar ákvarðanir um fjármál VFÍ, eða sjóða þess, öðlast slík ályktun ekki gildi, nema hún verði samþykkt með 2/3 greiddra atkvæða á næsta aðalfundi. Eigi má selja eða veðsetja fasteign í eigu félagsins án samþykkis aðalfundar og þarf 2/3 greiddra atkvæða. Stjórн getur látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu ef að mati hennar er óheppilegt að bíða með að fá laga-breytinguna afgreidda. Lagabreytingar skulu birtar félagsmönnum.

## *29. gr. Félagsslit*

Félaginu verður því aðeins slitið að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um lagabreytingar. Félagsfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins **við þær aðstæður**.

## *29. gr. Félagsslit*

Félaginu verður því aðeins slitið að félagsslitin séu samþykkt á sama hátt og gildir um lagabreytingar. Félagsfundur tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins **við þær aðstæður**.